

# Fermingarblað Vífils

1. tölublað 19. árgangur 1997

## Skátastarf í Garðabæ í 30 ár



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 1997

Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 9. sinn



# búum vel um hnútana

EINFALDUR HNÚTUR



Traustur banki  
**BÚNAÐARBANKINN**  
Garðabæ

# Kæru bæjarbúar

## Skátastarf í Garðabæ í þrjátíu ár

Nú stendur mikið til, skátar í Garðabæ halda upp á þrjátíu ára afmæli Vífils á sumardaginn fyrsta. Mikið verður um dýrðir á sjálfan afmælisdaginn eins og skýrt er frá annars staðar í blaðinu.

Fermingarblað Vífils er nú sent til allra Garðabæinga í nítjándu skipti og er því fyrir löngu orðið að föstum lið í starfi félagsins.

Með blaðinu viljum við í Vífli kynna skátaskeytasölu félagsins sem verður þá daga sem fermt er í Garðakirkju og Vídalínskirkju.

Í blaðinu eru listar yfir þau fermingarborn sem fermast í þessum tveimur kirkjum, svo og fréttir af skátastarfinu hér í Garðabæ.

Nafnalistarnir í blaðinu eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun. Hugsanlegt er að breytingar

hafi orðið frá þeim tíma.

Við hvetjum bæjarbúa til að senda vinum, nágrönnum og ættingjum skátaskeyti og styrkja þannig öflugt æskulýðsstarf í bæjarfélaginu.

Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægjulegt og gott samstarf við bæjarbúa, eins og undanfarin ár.

Af öðrum liðum í vetrarstarfi félagsins má nefna að dróttskátar munu á næstu vikum taka þátt í svokölluðu Íshæki, sem er vetrarævintýraferð dróttskáta af öllu landinu. Nýafstaðin er félagsútilegan og fóru sjötíu skátar í skátamiðstöðina á Úlfjótavatni.

Í sumar verða svo hin geysivinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils, haldin í niunda skiptið.

Stór hópur skáta úr Vífli munu halda í afmælisferð, til alþjóðlegu skátamiðstöðvarinnar Kandersteg í Sviss, nú í



sumar. Mikill og góður undirbúningur hefur verið í allan vetur hjá hópnum í allan vetur.

Að sjálfsögðu vonumst við svo til að sjá ykkur sem flest þann 25. apríl næstkomandi, en þá mun Skátafélagið Vífill sjá um hátíðarhöldin í tilefni sumardagsins fyrsta.

Við í Vífli viljum vekja sérstaka athygli bæjarbúa á því að hátíðarhöldin verða á svæði nýja Hofsstaðaskólans.

Allir skátar úr þrjátíu ára starfi félagsins eru sérstaklega hvattir til að koma með fjölskyldum sínum og taka þátt í fjörlegri dagskrá sumardagsins.

**Skátakveðja,  
Björn Hilmarsson,  
ritstjóri.**



**Útgefandi:**  
Skátafélagið Vífill  
Hraunhólum 12.

**Ábyrgðarmaður:**  
Þór Ingólfsson

**Ritstjórn:**  
Björn Hilmarsson  
Helgi Grímsson  
Karl Rúnar Þórsson

**Myndir:**  
Myndir koma úr myndasafni Vífils

# Sumardagurinn fyrsti, 24. apríl

## Þrjátíu ára afmæli skátastarfs í Garðabæ fagnað

### Stórafmæli Vífils í ár

Sumardagurinn fyrsti er eins og allir Garðbæingar vita í umsjá Skátafélagsins Vífils í Garðabæ.

Sterk hefð hefur myndast um þennan dag og hafa hátíðarhöldin verði með svipuðu sniði milli ára.

Nú í ár verður sérstaklega mikið um að vera því Skátafélagið heldur upp á sitt þrítugasta starfsafmæli.

### Skátamessa í Garðakirkju

Dagurinn hefst með fánaathöfn við **Garðakirkju** laust fyrir klukkan 11 og hefst svo skátaguðsþjónusta í kirkjunni strax á eftir.

Þar verða nýir skátar vígðir inn í félagið við hátíðlega athöfn og veittar verða viðurkenningar fyrir góð störf. Skátar í Garðabæ hafa frá upphafi átt frábært samstarf við séra Braga Friðriksson, sem hefur verið með félaginu á öllum skátamessum og helstu stórviðburðum.

Þar sem þetta er síðasta starfsár hans sem sóknarprests í Garðabæ viljum við í Vífli færa honum bestu þakkir fyrir samstarfið í öll þessi þrjátíu ár.

### Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er klukkan 14.

Að þessu sinni verður gengið frá



Vidalínskirkju, niður Hofstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla. Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og sér Lúðrasveit Garðabæjar um göngutaktinn og hressan undirleik.

### Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. þrautbraut, leiktæki, söngur og skemmtiatriði.

### Skátakaffi og afmæliskökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið víðfræga skátatertuhlaðborð Vífils

verður þar með sérstöku afmælissniði. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og uppi á sviði verða létt skemmtiatriði og afmælisdagskrá. Við hvetjum alla Garðbæinga að koma í skátakaffið með fjölskyldur sínar.

### Eldri skátar fjölmennið í afmælið!

Það er ekki á hverju ári sem við í Vífli verðum þrjátíu ára og því viljum við sérstaklega bjóða alla eldri skáta úr Vífli velkomna.

Hvernig væri nú að gömlu klíkkurnar og gengin myndu fjölmenna og rifja upp góðu gömlu dagana....

Sumardagsnefnd.



*Garðbæingar!*  
*Við erum í næsta nágrenni*

**BYKO**

*Kópavogi og Hafnarfirði*  
*S: 515 - 4000*

**PIZZA  
PIZZA**

TILBOÐ DOMINO'S

Ef þú kaupir pizzu og stóran skammt af  
brauðstöngum - sækir pizzuna, þá færðu  
aðra pizzu fría.



**Domino's  
Pizza**



GRENSÁSVEGI 11 · HÖFDABAKKA 1 · GARDATORGI 7 · SÍMI 58-12345



# Komdu í klúbbinn

ertu á aldrinum 12-17 ára? ef svo er áttu kost á að ganga í UK-17, unglingsklúbb Íslandsbanka. Á tímabilinu 24. mars til 1. maí bjóðum við ókeypis myndatöku í vasakort. Komdu í útibúið til okkar og við vísum þér á ókeypis myndatöku hjá framköllun Gardabæjar.

við bjóðum fermingarbörn sem fengið hafa kort frá okkur sérstaklega velkomin.

Kveðja,  
starfsfólk Íslandsbanka,  
Gardatorgi 7

ÍSLANDSBANKI



## Góð íþrótt er gulli betri

### Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Gardabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar. Starfsfólk stöðvarinnar býður Gardabæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða setja saman þína eigin æfingaráætlun.

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar. Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur. Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

Það er aldrei of seint að byrja.

Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Gardabæ - Sími 565-8066



Íþrótt- og tómstundaróð Gardabæjar

# Upphaf skátastarfs í Garðabæ

## Fyrsti félagsforingi Vífils rifjar upp söguna



Á miðjum vetri 1967 kom hann Vilbergur Júlíusson að máli við mig og spurði hvort ég vildi gerast félagsforingi

skátanna í Garðabæ. Vilbergur hafði lengi hlúð að starfi skátaflokka og stutt við bak þeirra.

### Fyrstu sveitarforingjarnir

Þessir skátaflokkar störfuðu undir stjórn sveitarforingja úr Hafnarfirði en þeir voru Sigurgeir Óskarsson og Guðrún Unnur Sigurðardóttir. Bæði héldu þau áfram sem sveitarforingjar eftir stofnun félagsins og unnu ómetanlegt starf fyrir skátana í Garðabæ.

### Útibú frá Hafnarfirði

Rétt er að geta þess að skátaflokkur þessi kallaði sig Þresti, starfaði í barnaskólanum 1958. Skátarnir voru fyrir með húsnæði í Godatúni 2 og þá

sem útibú frá Hraunbyrgi, skátaheimili skátafélagsins Hraunbúa í Hafnarfirði. Eftirstofnun Vífils, sumardaginn fyrsta 1967, störfuðum við þar áfram eða þar til að við eignuðumst okkar eigið skátaheimili árið 1970.

Undirbúningur að stofnun félagsins gekk mjög vel enda höfðum við á að skipa góðum og starfssömum foringjum.

### Fyrstastjórnin

Stjórn félagsins skipuðu Vilbergur Júlíusson, Helgi Már Eggertsson, Þórdís Norðdahl, Sigurgeir Óskarsson, Guðrún Unnur Sigurðardóttir, Alda K. Helgadóttir og undirritaður sem var kosinn fyrsti félagsforingi félagsins. Helgi Bernharðsson var ylfingaforingi og starfaði með stjórninni.

### Stofnfundurinn

Stofnendur voru 150 sem var ótrúlegur fjöldi og allir virkir félagar. Þetta var mikill fjöldi í ekki stærra sveitarfélagi. Stofnfundurinn var haldinn á sumardaginn fyrsta þann 20. apríl 1967 í frosti og snjókomu. Þó frost og snjócoma væri úti var mikil hlýja og gleði inni í skólanum þar sem saman

voru komnir margir skátar víða að og margir góðir gestir, þar á meðal mjög margir foreldrar. Stofnfundurinn hófst með helgistund. Presturinn okkar, séra Bragi Friðriksson, sem ávallt hefur verið okkur vinur, sá um helgistundina. Síðan lýsti ég yfir stofnun félagsins og vígði inn í félagið marga nýliða. Vilbergur las úr Landnámu en þaðan er nafn félagsins "VÍFILL" komið. Margir tóku til máls en stofnfundurinn endaði með fjörugum varðeldi. Í mínum huga var þessi dagur mjög ánægulegur og svo hefur verið með allar stundir sem ég hef átt með skátunum í Skátafélaginu Vífli.

Ágúst Þorsteinsson



## Stjórn Vífils skipa nú

*Félagsforingi*

Helgi Grímsson

*Aðst. félagsforingi*

Ingibjörg Guðmundsdóttir

*Ritari*

Holger Torp

*Gjaldkeri*

Þór Ingólfsson

*Meðstjórnandi*

Hrafnhildur Odda Sturludóttir



Fyrsta stjórn Skátafélagsins Vífils

# Fjölmenni í félagsútilegunum

## Vífill búinn að fara tvisvar í stórar útilegur í vetur

### Ferðin í Bláfjöll

Í nóvember fór félagið í útilegu í skála Breiðabliks í Bláfjöllum. Ferðin var mjög skemmtileg og viðburðarrík en mikil áhersla var lögð á hella og umgengni í hellum.

### Strax í Karabíska hafíð

Á föstudagskvöldinu fengu skátarnir sögu þar sem þeir voru staðsettir á skipi í Karabíska hafinu en skipið fórst og uppi sátu þeir á eyðieyju. Þar áttu skátarnir að stofna þjóðfélag og skapa sér lifnaðarhætti með mjög frumstæðum áhöldum, eins og hníf, snæri og eldspýtum.

Útkoman var vægast sagt skrautleg en allir voru sáttir á að lýðræði ætti að ríkja og þar væri friður en fjör. Mikil orka var lögð í að finna út hvernig mögulegt væri að búa til pizzu á svona eyju við frumstæðar aðstæður.

### Einn góður að norðan...

Í ferðinni kynntust Hellisbúarnir (elstu skátarnir) verðandi dróttskátaforingja sínum, honum Eddie. Hann er Akureyringur í húð og hár og alvanur skáti.

### Flest er nú hægt

Verkefni ferðarinnar voru mörg furðuleg. Í einu þeirra áttu skátarnir að hita sér súkkulaðiföndu á grilli en það er mjög óvenjulegur matur í 12 stiga frosti upp á fjöllum. Hvað gera skátar ekki sér til gamans?

### Hundaheppni

Á sunnudeginum var lagt í alherjar leiðangur í leit að Þriggjahæðahelli. Félagssforinginn gekk vaskur á undan og þóttist vita vel hvar hellinn væri að finna.

Allt í einu var rekið upp skaðræðis óp því hundurinn Lotta féll ofan í gjótu og sást hreyfingarlaus á botni hennar. Dróttskátarnir settu sig í hjálparveitarstillingarnar og tóku framklifurteki sín og tól og skipulögðu björgunarleiðangur.

Björgunarmennirnir bogruðu yfir sprungunni æstir í að hefja björgunina þegar Lotta kom trítlandi aftan að þeim og kíkti líka ofan í sprunguna með þeim.

Helgi félagsforingji hélt áfram með restina af hópnunum í leit að hellinum. Í leitinni fann hann hundaspor og rakti þau beina leið í hellinn. Lotta hafði þá dottið niður gat á hellisloftinu og fundið sér leið út sjálf. Það var því ekki Helgi sem fann hellin heldur Lotta ofurhundur.

Það voru allir sammála um að þessi ferð var viðburðarrík og skemmtileg upplifun.



### Snjór og súpa

Eftir morgunverkin var geyst af stað í póstaleik en þar var glímt við ýmis krefjandi verkefni eins og að búa til snjóhús, kveikja eld, læra að stjórna kvöldvöku og fleira. Í lok leiksins elduðu allir flokkarnir sér hádeigismat á prímusum í blíðskapar vedri.

Þegar allir voru mettir var haldið af stað í gönguferðir um nágrennið. Þegar heim var komið var brugðið á leik fram að kvöldmat. Um kvöldið var svo fjörug kvöldvaka að hætti skáta með frábærum skemmtiatriðum frá flokkunum.

### Félagssforinginn fræðir

Að henni lokinni dró Helgi félagsforingji alla út í kvöldgöngu niður að vatni. Veðrið var stillt og blítt og vatnið nánast spegilslétt. Helgi fræddi skátana um upphaf skátamiðstöðvarinnar á Úlfjótssvatni og hið mikla uppbyggingarstarf sem hefur verið unnið þar. Einnig vakti hann athygli skátanna á hversu undurfögur og friðsæl kvöldstundin í náttúru Úlfjótssvatns er. Þetta var yndisleg stund og á örugglega eftir að sitja í hugum skátanna um langa tíð.

Á morgunsnæðing á sunnudegi héldu dróttskátarnir í fimm tíma gönguskíðaferð en hinir skátarnir fóru upp á Úlfjótssfjall.

Þetta var viðburðarrík og skemmtileg útilega sem við munum seint gleyma.

Ásta Bjarney E.



### Á Úlfjótssvatni er hopp og hí

Í febrúar fóru 70 skátar úr Vífli í félagsútilegu í skátamiðstöðina á Úlfjótssvatni.

Farið var á föstudagskvöldi og dvaldi fram á sunnudag. Útilegan var sett og síðan var haldið í stórleik langt fram eftir kvöldi.

Laugardagurinn hófst snemma með fána og morgunleikfimi undir stjórn dróttskáta.

# Það er lítið mál að endurnýja bílinn



en það er  
aðeins til

# eitt eintak af þér

Klessukeyrða bíla er auðvelt að endurnýja.

Það er annað mál með þig.

Ef þú örkuðast í bílslysi, er það fyrir lífstíð.

-Það eru ekki til varahlutir í þig.




lifðu lifinu - aktu hægar

***Garðbæingar !***  
**Gróðrastöðin**  
**Bjarkarlundur**  
 býður ykkur velkomin



Hörgatúni 25 Sími 565-8722  
 Ný aðkeyrsla frá Bæjarbraut !



**Þryggðu þér**  
**góðar stundir**

*Þú átt það skilið*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Háskólanóti við Hagarang, sími 367 2255  
 Sérstök hljómsveitarinnar er opin alla vikna daga kl. 9 - 17.



**Hrúgald !**  
**Góð gjöf - gott sæti**

Húsgagnabólstrun  
 Gæði fyrst og fremst !

**Sveinn bólstrari**

*lðnbúð 5, Garðabæ*  
*Sími : 565 -7322*



**Fermingarskreytingar**

Fermingarkerti og servíettur

Þáskaskreytingar

Skreytingar við öll tækifæri

Hjá okkur starfar fagfólk !

***Garðablóm Garðatorgi***

***S:5656722***

Opið til kl. 21 öll kvöld og til 22 um helgar.

# "Enn skal fagna ungu vori og nýjum söng"

Snorri Hjartarson

## Afmæliskveðja til Vífils frá séra Braga Friðrikssyni

Það er mér gleðiefni að fá tækifæri til að tjá Skátafélaginu Vífli mínar einlægustu hamingjuóskir á þrjátíu ára afmæli þess.

Hugstæður er mér sumardagurinn fyrsti árið 1967, er félagið var stofnað. Vori var fagnað. Skátar sungu nýjan söng. Vonir vöknudu um öflugt félagsstarf í vaxandi byggð. Þær vonir rættust.

Það hefur líka verið lærdómsríkt að fylgjast með vexti þessa byggðarlags. Hér hófst að ýmsu nýtt landnám um og eftir 1960. Það var gaman að fylgjast með því, hversu vel íbúar hreppsins tóku okkur, sem vorum um þetta leyti að koma okkur fyrir með því að byggja hús og reisa heimili. Hér varð samfélag gagnkvæmrar velvildar og sameiginlegs áhuga um velferð og heill allra.

Farsæl framtíð hinna ungu bar þó hæst í hugum ungra foreldra. Það var von þeirra, að börnin gætu fest hér rætur og vaxið til þroska.

Skólarokkar, félagssamtök fullorðinna, kirkjan og forystumenn sveitarfélagsins beittu sér að þessu markmiði. Og félagsskapur æskunnar sjálfrar, eins og Ungmennafélagið Stjarnan, æskulýðsfélag Garðakirkju og KFUM og KFUK, hafa vissulega lagt mikið af mörkum. Skátafélagið Vífill á þar stóran hlut.



Frá bænastund við stofnun Vífils 20. apríl 1967

Þetta afmælisblað mun rekja þá sögu í máli og myndum.

Ég þakka það innilega að hafa fengið að sjá félagsstarf ykkar styrkjast við fjölbætt verkefni.

Það hefur verið gleðiríkt að fagna með ykkur hvern fyrsta sumardag í þrjátíu ár í Garðakirkju. Þar hafa nýir félagar unnið sitt fyrsta skátaheit og hinir eldri endurnýjað það.

Tímamót eru vel til þess fallin að endurnýja heit og hollustu við hina fögru hugsjón skátahreyingarinnar. Sú hugsjón er grundvöllur á kristinni trú. Skátaheitið og skátalögin eru ákvæði um að vinna í anda þess æðsta boðorðs, sem Jesús Kristur flutti um að elska Guð og náungann.

Gott skátastarf er fólgið í því að gjöra

þetta boðorð virkt í lífi hinna ungu.

Allt félagslíf skáta byggist á traustri fræðslu og forystu leiðtoganna og fúsri fylgd skáta við þá leiðsögn að sameiginlegu marki, sem er hæfni og þroski hvers skáta til að verða landi og þjóð hollur þegn.

Margt hefur vel unnist, en verk er enn að vinna.

### "Enn skal fagna ungu vori og nýjum söng"

Guð blessi framtíð Vífils og öll göfug verkefni þeirra, sem undir merki þess vilja fagna nýju voru með sigursöng í hjarta.


Bragi Friðriksson



## Myndir úr starfi Vífils




# Skátaskeytin eru falleg sending




1. Bessastaðagluggi



2. Varðeldur



3. Frá Úlfjótuvatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn

Mappa utan um skeytin  
Öll skeyti eru send út í svona möppu

**Þetta eru þær skátaskeytategundir sem eru í boði.**

**Munið að einnig er hægt að panta skrautrituð skeyti.**

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 í Garðabæ. Athugið að móttaka skeytapantana eropin milli klukkan 10 til 17. Ef pantað er í gegnum síma, verður að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

**Verð á skeytunum er:** Vélrituð skeyti kr. 450. Skrautrituð skeyti kr. 800.

## Pantið skátaskeytin í sínum

# 565-8989 og 565-8820.

*Einnig er hægt að koma í*

*Skátaheimilið Vífilsfell að Hraunhólum 12.*

# Fermingar í Garða- og Vídalínskirkju 1997

## Vídalínskirkja 23. mars kl. 10.30

Stúlkur		
101	Anna Berntsdóttir Kaspersen	Bæjargili 33
102	Bjarney Rós Guðmundsdóttir	Sigurhæð 5
103	Bryndís Stefánsdóttir	Markarflöt 41
104	Helga Margrét Gunnarsdóttir	Þernunesi 3
105	Inam Rákel Yasin	Lyngmóum 16
106	Inga Rún Ingvarsdóttir	Langamýri 24a
107	Sigrún Anna Snorraddóttir	Kjarmóum 18
108	Stella Rósenkranz Hilmarisdóttir	Hrísmóum 13

Drengir		
109	Ari Jónsson Ívars	Lyngmóum 5
110	Arnar Stefánsson	Langamýri 13
111	Ásgeir Runólfsson	Kjarmóum 15
112	Ástvaldur Sigurðsson	Tjaldanesi 7
113	Bjarni Rúnar Ingvarsson	Hrísmóum 3
114	Björgvin Víkingsson	Langamýri 23
115	Davíð Óskarsson	Brekkubyggð 38
116	Eggert Jóhann Árnason	Háhæð 23
117	Elfas Guðjónsson	Smáraflöt 41
118	Eyþór Ingi Gunnarsson	Smáraflöt 1
119	Fannar Helgi Steinsson	Nónhæð 3
120	Gísli Einarsson	Langamýri 9
121	Gísli Símonarson	Hlíðarbyggð 45
122	Hrafn Daði Haðarson	Dalsbyggð 14
123	Júlíus Karlsson	Holtsbúð 63
124	Lárus Óskarsson	Garðaflöt 35
125	Sigurður Jens Sigurðsson	Súlunesi 7
126	Sigurður Júlíus Bjarnason	Sigurhæð 8
127	Unnsteinn Örn Elvarsson	Krökamýri 74
128	Valgeir Sigurjónsson	Maragrund 1
129	Vilhjálmur Magnús Þórðarson	Hrísholti 4
130	Þórður Ásgeirsson	Hvassaleiti 32 R.

## Vídalínskirkja 23. mars kl. 14.00

Stúlkur		
131	Anna Rós Sigurðardóttir	Eskiholti 19
132	Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir	Seli, Ásahr., Hellsu
133	Ásta María Sigmarsdóttir	Langamýri 7
134	Bára Másdóttir	Lækjarfit 16
135	Bryndís Jóna Sigurðardóttir	Óttuhæð 7
136	Elisabet Inga Kristófersdóttir	Hlíðarbyggð 41
137	Ester Bergsteinsdóttir	Birkihæð 16
138	Guðbjörg Huld Símonardóttir	Blómahæð 5
139	Guðbjörg Kristín Haraldsdóttir	Hegranssi 26
140	Hallgerður Kata Óðinsdóttir	Fagrahæð 5
141	Helena Eufemía Snorraddóttir	Lynghæð 6
142	Hildur Kristín Guðlaugsdóttir	Ásbúð 60
143	Hrefna Haraldsdóttir	Bæjargili 109
144	Inga Sigrid Wikfeldt	Lyngmóum 7
145	Íris Aníta Björnsdóttir	Markarflöt 53
146	Kristín Jóhanna Steinarsdóttir	Bæjargili 90
147	Kristín María Grímsdóttir	Ásbúð 49
148	Sólveig Káraðóttir	Mávanesi 17
149	Thelma Benediktsdóttir	Bæjargili 97
150	Unnur Johnsen	Dalsbyggð 10

Drengir		
151	Arthur Ólafsson	Eskiholti 16
152	Daníel Karl Egilsson	Dalsbyggð 10
153	Eggert Árni Kristjánsson Ehmam	Löngumýri 37
154	Friðrik Kristjánsson	Urðarhæð 2
155	Gunnar Ingi Jóhannsson	Kríunesi 11
156	Haraldur Anton Skúlason	Krökamýri 80
157	Sumarliði Gunnar Halldórsson	Holtsbúð 23
158	Oddur Arnþór Jónsson	Hæðarbyggð 5
159	Þórður Andri Hrannarson	Aratúni 21
160	Ægir Amin Hasan	Fífumýri 1

## Garðbæingar sem fermast í Bessastaðakirkju 27. mars

Stúlkur		
180	Arndís Jóna Vigfúsdóttir	Bæjargili 35
181	Helga Hrönn Gunnarsdóttir	Hlíðarbyggð 24
182	Helga Ólöf Hallgrímsdóttir	Bæjargili 22
183	María Rut Birgisdóttir	Löngumýri 16

Drengir		
184	Ólafur Haukur Johnson	Kríunesi 7

Athugið að þegar þessi fermingar börn úr Garðabæ verða fermd í Bessastaðakirkju, þann 27. mars, eru **ekki** fermingar í Garðabæ.

**Pantanir til þeirra þurfa því að berast 23. mars!**

**Pantið  
skátaskeytin  
í sínum  
565-8989  
og 565-8820**

**Garðakirkja 31. mars kl. 14.00**

<b>Stúlkur</b>		
201	Anna Helga Benediktsdóttir	Urðarhæð 10
202	Anna Lilja Gísladóttir	Bæjargili 85
203	Anna Þórdís Rafnsdóttir	Ásbúð 98
204	Ágústa Ósk Backman	Lindarflöt 36
205	Bryndís Ósk Jónsdóttir	Breiðási 2
206	Elín Bjarnadóttir	Þrastarlundi 17
207	Ester Rós Jónsdóttir	Bæjargili 49
208	Einína Sif Gísladóttir	Hraunhólum 7
209	Eva Dögg Jónsdóttir	Lækjarfit 1
210	Helga Þóra Ragnarsdóttir	Löngumýri 55
211	Hildur Jónsdóttir	Suðurvangi 25, Hfj.
212	Hjördís Rós Jónsdóttir	Brekkubyggð 16
213	Hrafnhildur Gísladóttir	Aratúni 13
214	Inga Sif Daníelsdóttir	Hagaflöt 6
215	Laufey Halldóra Eyþórsdóttir	Blikastíg 8, Álftan.
216	Margrét Ragnarsdóttir	Löngumýri 5
217	Soffía Þorkeldsdóttir	Löngumýri 53
218	Tinna Ósk Þórarinsdóttir	Bakkaföt 5
<b>Drengir</b>		
219	Árni Már Markússon	Bæjargili 94
220	Einar Oddur Sigurðsson	Bæjargili 52
221	Gunnar Vilhelmsson	Kjarmóum 32
222	Helgi Skúli Skúlason	Eskiholti 3
223	Magnús Óskarsson	Smáraflöt 49
224	Sigurður Árni Þórðarson	Bæjargili 29
225	Skúli Haukur Sigurðarson	Tjarnarflöt 1

*Þegar skátaskeyti er pantað er einfaldast að gefa upp raðnúmerið sem er við nafnið. Það flýttir fyrir afgreiðslu hjá okkur.*

*Athugið að afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 10 - 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er.*

*Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalínskirkju.*

**Vídalínskirkja 6. apríl kl. 10.30**

<b>Stúlkur</b>		
301	Anna Steinunn Gunnarsdóttir	Bæjargili 127
302	Áslaug Rós Guðmundsdóttir	Krókamýri 46
303	Berglind Eik Guðmundsdóttir	Brekkubyggð 32
304	Erla María Huttunen	Brekkubyggð 15
305	Gyða Eiríksdóttir	Kjarmóum 5
306	Halla Þórarinsdóttir	Jökulhæð 3
307	Sólveig Árnadóttir	Pernunesi 4
308	Stefanía Reynisdóttir	Hæðarbyggð 8
309	Sigríður Margrét Birkisdóttir	Aðaltúni 14, M.
310	Steinunn Lilja Emilsdóttir	Langafilt 38
311	Tinna Huld Karlsdóttir	Hraunhólum 4a
312	Vívi Kristóbertsdóttir	Iðnbúð 1
313	Þóra Elfsabet Kristjánsdóttir	Goðatúni 30
<b>Drengir</b>		
314	Einar Björgvin Sigurbergsson	Lyngmóum 10
315	Gunnar Örn Sigurðsson	Bæjargili 43
316	Hafsteinn Haraldsson	Hlíðarbyggð 44
317	Kristján Páll Leifsson	Asparlundi 9
318	Magnús Ingi Oddsson	Asparlundi 17
319	Richard Wendel	Nónhæð 4
320	Steinn Logi Steinsson	Háholti 3
321	Victor Pétur Ólafsson	Faxatúni 12

**Garðakirkja 6. apríl kl. 14.00**

<b>Stúlkur</b>		
322	Anna Guðný Hallgrímsdóttir	Holtsbúð 29
323	Berglind Sólveig Kristjánsdóttir	Móaflöt 51
324	Bryndís Símonardóttir	Holtsbúð 54
325	Eygló Sigurðardóttir	Krókamýri 80
326	Guðleif Edda Þórðardóttir	Bæjargili 34
327	Hulda Davíðsdóttir	Bæjargili 129
328	Inga Þórey Óskarsdóttir	Keldulandi 3, R.
329	Karen Sigurjónsdóttir	Faxatúni 25
330	Margrét Sigríður Vilhjálmsdóttir	Háhæð 8
331	Nanna Teitsdóttir	Álftamýri 10R.
332	Rakel Mánadóttir	Löngumýri 10
333	Rannveig Káradóttir	Hrísholti 13
334	Sigríður Þorsteinsdóttir	Efstalundi 10
<b>Drengir</b>		
335	Birgir Már Björnsson	Fífumýri 4
336	Darri Örn Hilmarsson	Bakkaföt 11
337	Elías Andri Kristjánsson	Aratúni 15
338	Einar Ingi Jóhannsson	Fífumýri 2
339	Jón Gunnarsson	Hlíðarbraut 3, H.
340	Lárus Þorvaldsson	Háhæð 19
341	Ólafur Örn Steinsson	Sigurhæð 9

# Landsmótið á Úlfljótsvatni 1996

## Vífill fór á víkingaslóðir

### Vífill fjölmennti að venju

Sumarið 1996 var Landsmót skáta haldið á Úlfljótsvatni. Á mótið komu um 3000 skátar þar af um 600 erlendir skátar.

Um sextíu skátar frá Vífli fóru á mótið og þar af fóru 8 skátar í dróttskátabúðir. Félagið var eitt af fáum sem gátu sent eldri skáta í dróttskátabúðir og erum við stollt af því.

### Á víkingaslóð

Þema mótsins var "Á víkingaslóð" og bar það þess merki á margan hátt. Skátarnir fengu að kynna hinum ýmsu víkingasiðum og mikið var lagt upp úr að kynna þeim hvernig daglegt líf víkinganna hafði verið.

Dagskrá mótsins var mjög fjölbreytt og úr mörgu að velja. Má þar nefna: Vatnadagskrá, víkingaleiðangra, hofhleðsla og trjárækt, víkingaleiki og keppnir og víkingasmiðja þar sem



boðið var upp á smíðavinnu úr beinum og tré, spunavinnu úr ull, mala korn, baka brauð og margt fleira. Einnig var sérstök dróttskátadagskrá þar sem að í boði var köfun, jöklaferð, gúmmfátaferð niður Hvítá, seglbrettasigling, útsýnisflug og margt fleira. Dróttskátar unnu líka ýmis þjónustustörf fyrir mótið eins og að taka á móti skátum í vatnasafarí og sigla um Úlfljótsvatn á gúmmfát og

fylgjast með skátunum.

### Og það rigndi og rigndi og....

Mótið var einstaklega skemmtilegt og ýmislegt skemmtilegt kom upp á. Eina nóttina ringdi heil ósköp og voru foringjarnir alla nóttina að bjarga tjöldunum. Engum varð þó meint af sullinu og brostu skátarnir út að eyrum daginn eftir.

Ásta Bjarney E.

## Á ferð og flugi með Vættum

### Útilegusaga frá Vífilsbúð

#### Flokksútilega

Í október síðastliðnum hélt skátaflokkurinn Vættir í ferð upp í skátaskála félagsins, Vífilsbúð. Útilegan byrjaði með því að undarlegur kvöldmat var eldaður og snæddur. Kvöldvaka að hætti skáta var svo haldin langt fram eftir kvöldi. Punkturinn var svo settur yfir í-ið með gífurlega spennandi næturleik í myrku hrauninu. Eftir það var gengið til náða.

#### Langur laugardagur

Árla morguns var svo vaknað og haldið í hike-ferð, þar sem elduð var núðlusúpa, hellar skoðaðir, og sungið látlaust.

Þegar að skála var komið var



sjúkrakassinn dreginn fram og innihaldið skoðað ýtarlega.

Stúlkurnar lærðu þar grundvallaratriði skyndihjálparinnar og geta því verið viðbúnar á því sviði í framtíðinni.

Seint um daginn var svo haldið heim,

allar þreyttar en samt ánægðar með afrekið.

Með skátakveðju,  
Guðrún Yrsa,  
flokksforingi Vætta

Er stórveisla eða mannfagnaður framundan? - Leitaðu þá til okkar:

# Sendum mat í fyrirtæki

STÓRVEISLUR · AFMÆLI · ÆTTARMÓT

FERMINGAR · PARTYBOÐ o.fl.

- |                          |                    |                   |
|--------------------------|--------------------|-------------------|
| ✓ Málsverðir í fyrirtæki | ✓ Smaréttablaðborð | ✓ Kaffiblaðborð   |
| ✓ Heitur matur           | ✓ Kaffisnuttur     | ✓ Kransakökur     |
| ✓ Köld borð              | ✓ Pinnamatur       | ✓ Marsipantertur  |
| ✓ Kabarett               | ✓ Kokteilsnuttur   | ✓ Tækiferistertur |
| ✓ Pottréttir             | ✓ Brauðtertur      | ✓ Rjómatertur     |

Höfum sali fyrir 50-400 manns í sæti.

**VEISLUELDHÚSIÐ  
OG BORBÚNAÐARLEIGAN**  
ÁLFHEIMUM 74 · 108 REYKJAVÍK

Upplýsingar og pantanir í síma 568-6220 og 568-5660 á milli kl. 13-16 virka daga.



# BÓNUSVÍDEÓ

Opnunartími  
yfir páska:

Skírdagur: Opið 12-23:30

Föstudagurinn langi: Lokað

Laugardagur: Opið 12-23:30

Páskadagur: Lokað

Annar í páskum: Opið 12-23:30

2 spólur  
á kr. 350  
(ein ný + eldri)

## SMÍÐSBÚÐ 4

S: 565-8633

**GOTT TILBOÐ**



ÁDEINS KR:

99

# Brotabrot síðustu ára

## Karl Rúnar Þórsson f.v. félagsforingi segir frá

### Grunnurinn er "virk þátttaka"

Svo undarlegt sem það kann að virðast, þá byggðist starf Skátfélagsins Vífils á áttunda og níunda ártugnum líkt og stofnárið 1967, á u.þ.b. 90 ára gömlum hugmyndum stofnanda skáthreyfingarinnar, Englendingans Baden Powell. Árið 1908 birti Bden Powell hugmyndir sínar um skátastarf í bókinni "Scouting for Boys". Þar segir m.a. að í skáthreyfingunni læri skátinn að vera sjálfbjarga úti í náttúruinni, skáti eigi að vera hjálpsamur og sýna riddaralega hegðun "gentlemansins" og kunna hjálp í viðlögum. Baden Powell sagði að flokkakerfið væri grunnur skátastarfsins og lykilorðið væri "virk þátttaka", í skátastarfinu væru engir áhorfendur eins og á íþróttakappleik, þar væri hver einasti skáti mikilvægur hlekkur í starfi flokksins.

Skátafundir, varðeldar, skátamót, útilegur og dagsferðir eru dæmigerð viðfangsefni skátanna í Vífli í gegnum árin. Mikill tími hefur farið í skátafundina en þar læra skátarnir skátafræðin og undirbúa hin stærri verkefni, svo sem útilífið. Á skátamótunum á sumrum hefur svo tækifæri gefist til að reyna á þekkinguna sem skátarnir hafa innbyrgt á skátafundum.

### Landsmótin hápunktur starfsins

Skátar í Vífli hafa tekið þátt mótum víðs vegar á Íslandi sem og úti í hinum stóra heimi. Fram til ársins 1987 hélt félagið nokkur fjölmenn skátamót í svo nefndum Efridal, skammt frá Heiðmörk, á svæði því sem í dag er golfvöllur Oddfelow. Landsmótin hafa alltaf verið hápunktur skátastarfsins á Íslandi. Þar hefur Vífill ekki látið sitt eftir liggja. Landsmótið sem haldið var 1990 á Úlfjótuvatni, var um tvö þúsund manna skátamótmót. Þar áttu



félagar úr Vífli stóran þátt í skipulagningu mótsins og var mótið af gárungunum nefnt "stóra Vífilsmótið".

Um starf félagsins og ævintýri skátastarfsins síðustu þrjátíu árin er hægt að rita heila bók, en þessi grein rúmar aðeins þrjár örstuttar frásagnir úr starfi skátafélagsins síðustu tíu árin.

### Farangurinn fyllti 8 tonna vagn

Skátar úr Vífli fjölmennu á Landsmót skáta sem haldið var á Akureyri árið 1981, en eins og alltaf á landsmótsári hafði starf félagsins um veturinn að meira eða minna leyti snúist um undirbúning fyrir mótið. Að mörgu var að hyggja fyrir viku dvöl í tjaldbúðum, skátafræðin þurftu að vera á hreinu og allur sameiginlegur útbúnaður félagsins s.s. stórt matartjald, stólar, borð, eldavélar, kistur og verkfæri þurftu að vera til reiðu. Svo hraustlega var staðið að undirbúningnum að sameiginlegur farangur skátanna fyllti 8 tonna aftanföng og segir það sína sögu um umfang undirbúnings-vinnunar og mikla vinnu skátanna.

### "Og kamarinn fór að krauma"

Félagar í Vífli hafa átt þess kost að taka þátt í fjölmörgum alþjóðlegum mótum skáta og ber þar hæst alheimsmót skáta, "World Jamboree" sem haldin hafa verið síðustu skiptin í

Kanada, Ástarlíu, Kóreu og Hollandi. Þátttaka á slíkum mótum er að margra áliti hápunktur skátaferilsins, þar hittast tugir þúsunda skáta frá flestum löndum heims, reisa tjaldbúðir og starfa saman á grundvelli skáthreyfingarinnar í sátt og samlyndi, þrátt fyrir ólíka menningu, trúarbrögð og líffsskoðanir.

Árið 1983 voru þrjár félagar úr Vífli í hópi 65 íslenskra skátar er þátt tóku í "World Jamboree" sem haldið var í Kanada. Flogið var til Chicago og hópnun skipt í tvær langferðabifreiðar og ekið sem leið lá á mótsstað, skammt frá Calgary í Kanada. Að móti loknu var ekið til baka í rútum og viðdvöl höfð í ýmsum ríkjum Badaríkjanna. Rúturnar voru hinar þægilegustu, en sérstaka ánægju skátanna vakti klósett eða öllu heldur "kamar" á skátamáli, sem var að finna aftast í rútunum. Sú ánægja átti hins vegar eftir að breytast í gremju eða öllu heldur fýlu, þegar vél og kæling annarar rútunnar ofhitnaði í 40 stiga hita á leið um brattlendi Klettafjallanna. Krauma fór í kamrinum með tilheyrandi ólykt og vanlíðan skátanna. Þessari raun tóku skátarnir með jafnaðargeði og kamarvísunum um hann Óla, sem gjarnan heyrast á varðeldum skáta, voru sungnar við raust og hafa líklega sjaldan átt eins vel við.

**“Atorkusamir” í meira lagi**

Næsta sumar hyggur fjölmennur hópur skáta úr Vífli á ferð í skátabúðir sem nefnast Kandersteg og eru staðsettar í ægifygru landslagi svissnesku alpanna. Allt eru þetta úrvalsskátar bæði þátttakendur og fararstjórar en eftirfarandi frásögn gæti hins vegar verið lærdómsrík væntanlegum Kandersteg förum.

Sumarið 1985, tóku 5 skátar úr Vífli þátt í hópferð á skátamót í Noregi. Fulltrúar Vífils voru tvær stúlkur og þrír sérlega “atorkusamir” drengir sem fengið höfðu útrás fyrir athafnaþrá sína í skátastarfinu. Í Noregsferðinni kom hins vegar fljótlega í ljós að “atorkusemi” hinna ungu Garðabæinga og skoðanir fararstjórans á því hvað væri skemmtilegt og æskilegt að gera, fóru alls ekki saman. Hálf gert stríðsástand skapaðist fljótlega, þegar fararstjórnin tók til við að leiða hópnum á söfn og kirkjur, í stað þess að taka þátt í fjallaferð um óbyggðir Noregs, tívoliferð og vatnagarðaferð sem var



ofar á óskalista hinna “athafnasömu”. Í mótmælaskyni við dagskrá fararstjórans tóku “athafnamennirnir” sig til og fóru upp á eigin spýtur í vettvangsferðir um mótssvæðið löngu eftir að kyrrð átti að vera komin á, og voru gripnir við iðju sína af “lögreglu” mótsins.

Að skátamótinu loknu tóku við fleiri menningarferðir í Noregi sem farnar voru í óþökk “athafnamannanna” sem hvorki höfðu þroska né áhuga á slíkum reisum.

Nokkrir eftirmálar urðu af ferðinni og voru hinir “athafnasömu” piltar harðlega átaldir m.a. af stjórn félagsins fyrir ósæmilega hegðun við fararstjóra ferðarinnar.

Þess ber að geta að í dag eru sumir “athafnamanna” orðir ábyrgir fedur og samkvæmt máltækinu “hvað ungur nemur gamall temur” er það stóra spurningin, hvort þeir séu í dag tilbúnir í nýjar menningarreisur í anda skáta-hreyfingarinnar.

Karl Rúnar Þórsson.

**TIL GÓÐS VINARLIGGJA GAGNVEGIR  
OG  
BANKINN ÞINN  
LANDSBANKI ÍSLANDS  
LIGGUR  
UM ÞJÓÐBRAUT ÞVERA**

*Víðtækt útibúanet Landsbankans sýnir að hann starfar á meðal fólksins.*

**Hinir fjölmörgu viðskiptavinir Landsbankans, sem búsettir eru í Garðabæ, staðfesta mikilvægi bankans fyrir Garðabæinga.**

Komdu eða hringdu í næsta útibú Landsbankans og þjónustufulltrúar bankans kynna þér innláns- og útlánsþætti sem sniðnir eru að þínum þörfum.



**Landsbanki  
Íslands**

**Banki allra landsmanna**

**Í næsta nágrenni eru útibú  
Landsbankans í  
Kópavogi s. 564-3066,  
Breiðholti s. 560-6030  
og Hafnarfirði s. 555-3933.**

**Afgreiðslutími er  
mánudaga - föstudaga  
frá kl. 9:15 til 16:00.**

# Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils haldið í níunda sinn!

*Heillandi valmöguleiki fyrir hressa krakka í júní og júlí!*

## Útilífs- og ævintýra-námskeið haldin í 9. sinn!

Útilífs- og ævintýranámskeiðin eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vífill hefur haldið í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð átta undanfarin sumur.

### Dagskrá byggð á reynslu!

Í sumar verða haldin námskeið fyrir aldurshópana 8-10 ára og 11-13 ára. Þátttakendum verður skipt upp í flokka eftir aldri og getu, en flokkarnir munu starfa saman allt námskeiðið.

Í slíku starfi læra börnin að vinna sameiginlega að lausn verkefna og meta að verðleikum mismunandi hæfileika fólks. Námskeiðin eru byggð upp á útiveru, ferðum, þrautum og leikjum.

### Spennandi og fræðandi dagskrá

Aðsetur námskeiðanna er í skátaheimilinu Hraunhólum 12 en þaðan er á hverjum degi farið í stuttar ferðir umhverfis Garðabæ.

Farið verður í hellaferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og kynnisferðir. Á námskeiðinu læra þátttakendur sitthvað um skyndihjálp, ferðamennsku, áttavita og náttúru landsins, svo fátt eitt sé nefnt.



### Hápunkturinn er útilegan í lokin

Hápunktur hvers námskeiðs er síðan tjaldútilega í Heiðmörk. Í útilegunni verður grillað, haldin kvöldvaka og farið í póstaleiki. Í stuttu máli er gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.

### Fjörnámskeið fyrir 11-13 ára

Í lok júlí verður haldið fjörnámskeið fyrir krakka 11-13 ára þar sem farið er í meira krefjandi verkefni og megin áhersla lögð á útilíf.

Takmarkaður fjöldi er á hvert námskeið því við leggjum metnað í að sinna öllum þátttakendum sem best.

### Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátastarf að baki. Þeir eru þau kunnugir útilífi og stjórnun í skátastarfi.

### Skráning á námskeiðin

Skráning á Útilífs og ævintýra-námskeið Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í íþrótt og leikjanámskeiðs Garðabæjar.

Auk þess er hægt að afla upplýsinga um námskeiðin í skátaheimilinu Vífilsfelli í síma 565-8820.



**NÚ MÆTA ALLIR  
Á FJÖRUG OG  
SKEMMTILEG  
ÆVINTÝRA OG  
ÚTILÍFSNÁMSKEIÐ  
HJÁ  
VÍFLI!**

## *Myndir úr starfi Vífils*



# Vífilsbúð brann til kaldra kola

## Skátar úr Reykjavík slupu út í tæka tíð

### Eldur eldur !!

Vífilsbúð, skátaskáli Vífils í Heiðmörkinni brann til ösku nú stuttu eftir áramótin.

Skátar úr Breiðholti höfðu fengið skálann að láni og varð óhappið þegar einn skátforinginn var að skipta um gaskút á einu tækinu.

Gas lak úr kútnum og fór í logandi gasveggljósbeint fyrir ofan.

### Allir slupu út í tæka tíð!

Sem betur fer brugðust skátarnir rétt við og hentust út úr skálanum og allir slupu því giftusamlega út.

Vífilsbúð logaði hins vegar stafna á milli og ekkert varð eftir. Daginn eftir fannst ekki einu sinni ein nýtanleg spýta úr skálanum.

Vissulega er þetta mikið tjón en við skátarnir í Vífli erum vel tryggðir hjá



VÍS og munum við stefna á að reisa nýjan skála sem allra fyrst. Unnið er að því nú að fá leyfi hjá landeigendum og tilskilin byggingarleyfi og síðan er stefnt að því að hraða framkvæmdum eins og kostur er.

Svona atburðir minna okkur á að aldrei

er of varlega farið.

Nú kallar Vífill á alla sína góðu gömlu skáta að hjálpa til með uppbyggingu á nýja skálanum!

Gott væri ef ný Vífilsbúð yrði vígð með haustinu.

Margar hendur vinna létt verk!



Síðumúla 15 Reykjavík  
Sími 553-3070



Frigg hf sápugetð  
Lyngási 1 Garðabæ  
Sími 560-3910



Ásgarði Garðabæ  
Sími 565-8050

# Garðatorg



Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð

# Vandaðar og nytsamar fermingargjafir

**KARRIMOR**



## BAKPOKAR

Lynx 65l Verð kr. 7.750  
Feringartilboð kr. 6.975\*

Discovery 65l Verð kr. 11.270  
Feringartilboð kr. 10.143\*

Panther 55l Verð kr. 12.490  
Feringartilboð kr. 10.782\*

**ajungilak.**



## SVEFNPOKAR

Hafjell -7° Verð kr. 7.390  
Feringartilboð kr. 6.651\*

Narvik -10° Verð kr. 9.390  
Feringartilboð kr. 8.451\*

Igloo -18° Verð kr. 12.765  
Feringartilboð kr. 10.850\*



## TJÖLD Lichfield

Newt 150 2 manna Verð kr. 10.950  
Feringartilboð kr. 9.855\*

Ribble 180 3 manna Verð kr. 14.800  
Feringartilboð kr. 13.320\*

Osprey 180 3 manna Verð kr. 16.900  
Feringartilboð kr. 15.210\*

ROSS  RIGNOL



## SNJÓBRETTI

Rooster snjóbretti Verð kr. 26.500  
Feringartilboð kr. 21.200\*

UPS brettaskór. Verð frá kr. 9.990.  
Snjóbrettabindingar og snjóbrettafatnaður  
í miklu úrvali.



\*Tilboðsverð miðast við staðgreiðslu.

Raðgreiðslur • Póstsendum samdægurs.  
Umboðsmenn um land allt.

Snorrabraut 60 • Sími 561 2045

# Verðmæt fermingargjöf

sem vex með fermingarbarninu

Hæstu vextir á innlán-  
um hjá sparisjóðunum

Mál. 9. jan. 1997



Gjafabréf upp á inneign  
á **Baldjarli Sparisjóðsins**  
er góð og varanleg  
fermingargjöf sem vex  
að verðgildi.

Pú kemur til okkar  
í Sparisjóðnum,  
stofnar reikning á nafni  
fermingarbarnsins og leggur  
fyrsta innlegg á reikninginn.

Fermingarbarninu færir þú  
síðan fallett gjafabréf.

## Gjafabréfið

Færðu á afgreiðslustöðum  
Sparisjóðs Hafnarfjarðar  
Strandgötu 8-10  
Reykjavíkurvegi 66  
Garðatorgi 1, Garðabæ

**Gjafabréf**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

SPARISJÓÐURINN



SPARISJÓÐURINN  
SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR